

Gljúfrasteinn - Hús skáldsins

02 913

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Gljúfrasteinn - Hús skáldsins
kt. 650804-3760
Pósthólf 250, 270 Mosfellsbær

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Gljúfrasteinn - Hús skáldsins er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfa á grundvelli reglna nr. 361/2012.

Hlutverk stofnunarinnar er að vera heimili Halldórs Laxness, lifandi safn sem að stendur vörð um lífsstarf hans.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 54,8 milljónir og afkoma kr. -2,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -2,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 34,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Gljúfrasteins - Hús skáldsins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Gljúfrasteins - Hús skáldsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Guðný Dóra Gestsdóttir,
forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	50.900.000	49.000.000
Seld þjónusta		799.049	3.585.510
Vörusala	3	134.389	534.654
Framlög og ýmsar tekjur	4	2.580.000	2.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	352.775	490.669
Tekjur samtals		<u>54.766.213</u>	<u>55.710.833</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	36.850.563	37.022.536
Annar rekstrarkostnaður	6	20.030.559	18.631.313
Afskriftir	7	352.775	490.669
Gjöld samtals		<u>57.233.897</u>	<u>56.144.518</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(2.467.684)	(433.685)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(20.178)</u>	<u>(11.844)</u>
		(20.178)	(11.844)
Afkoma ársins		<u><u>(2.487.862)</u></u>	<u><u>(445.529)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		603.256	551.489
Aðrar eignir		31.566.078	31.760.187
Fastafjármunir samtals		<u>32.169.334</u>	<u>32.311.676</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		2.205.097	4.819.798
Viðskiptakröfur		0	79.388
Tengdir aðilar	9	101.395	16.650
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		18.069	0
Handbært fé	10	20.067	20.179
Veltufjármunir samtals		<u>2.344.628</u>	<u>4.936.015</u>
Eignir samtals		<u>34.513.962</u>	<u>37.247.691</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		(2.249.984)	237.878
Eigið fé samtals		<u>(2.249.984)</u>	<u>237.878</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	0	1.194.823
Viðskiptaskuldir		409.314	482.756
Ýmsar skammtímaskuldir	12	3.197.859	2.322.686
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	33.156.773	33.009.548
Skuldir samtals		<u>36.763.946</u>	<u>37.009.813</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>34.513.962</u>	<u>37.247.691</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(2.487.862)	(445.529)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	352.775	490.669
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(352.775)	(490.669)
		<u>(2.487.862)</u>	<u>(445.529)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		61.319	(6.417)
Tengdir aðilar		(990.001)	975.163
Birgðir		2.614.701	(1.180.428)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		801.731	657.346
		<u>2.487.750</u>	<u>445.664</u>
		<u>(112)</u>	<u>135</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(210.433)	(85.004)
		<u>(210.433)</u>	<u>(85.004)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		210.433	85.004
		<u>210.433</u>	<u>85.004</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(112)	135
		<u>20.179</u>	<u>20.044</u>
		<u>20.067</u>	<u>20.179</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	50.900.000	49.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	352.775	490.669
	<u>51.252.775</u>	<u>49.490.669</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	51.100.000	0	0	51.100.000
Fjáraukalög	(200.000)	0	0	(200.000)
Fjárveiting til tekna	50.900.000	0	0	50.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(53.387.862)	0	0	(53.387.862)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(2.487.862)	0	0	(2.487.862)

	2020	2019
3 Vörusala		
Vörusala I	84.192	(30.771)
Vörusala II	50.197	565.425
	<u>134.389</u>	<u>534.654</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	2.300.000	1.600.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	200.000	500.000
Ýmsar tekjur	80.000	0
	<u>2.580.000</u>	<u>2.100.000</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	30.016.365	29.887.409
Orlof, breyting	147.228	376.748
Launatengd gjöld	6.686.970	6.740.382
Starfsmannakostnaður	0	17.997
	<u>36.850.563</u>	<u>37.022.536</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	4,0	4,0
------------------------------	-----	-----

Skýringar

	2020	2019
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	155.016	316.467
Byggingarvörur, aðrar	4.990	17.555
Ýmis tæki og áhöld	46.450	2.084
Varahlutir og viðhaldsvörur	80.000	150.561
Orkugjafar	206.931	177.072
Matvæli	426.177	487.525
Almennar rekstrarvörur	104.838	116.223
Vörukaup, almenn	1.024.402	1.267.487
Fundir, námskeið, risna	132.400	270.660
Akstur	929.510	1.040.953
Sérfræðiþjónusta	3.825.399	4.869.226
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	52.901	64.108
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.281.396	1.945.104
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	427.374	765.163
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	6.648.980	8.955.214
Afnotagjöld	1.742.572	1.683.614
Leigugjöld	6.301.092	6.498.746
Verkkaup	1.464.998	947.565
Tryggingar, lögboðnar	88.814	85.165
Opinber gjöld	0	11.050
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	9.597.476	9.226.140
Vörukaup I	0	362.900
Vörukaup II	145.000	0
Birgðabreytingar, fullunnar vörur	2.614.701	(1.180.428)
Vörur til endursölu og birgðabreyting	2.759.701	(817.528)
Annar rekstrarkostnaður samtals	20.030.559	18.631.313
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	158.666	287.857
Aðrar eignir	194.109	202.812
	352.775	490.669

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	603.256	551.489
Aðrar eignir	31.566.078	31.760.187
	<u>32.169.334</u>	<u>32.311.676</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020	3.162.488	33.341.240	36.503.728
Viðbætur á árinu	210.433	0	210.433
	<u>3.372.921</u>	<u>33.341.240</u>	<u>36.714.161</u>
Afskriftir 1.1.2020	2.610.999	1.581.053	4.192.052
Afskrift ársins	158.666	194.109	352.775
	<u>2.769.665</u>	<u>1.775.162</u>	<u>4.544.827</u>
Staða 31.12.2020	<u>603.256</u>	<u>31.566.078</u>	<u>32.169.334</u>
	31.12.2020	31.12.2019	

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	101.395	0
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	16.650
	<u>101.395</u>	<u>16.650</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	1.139.421
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	55.402
	<u>0</u>	<u>1.194.823</u>

10 Handbært fé

Sjóðir	20.000	20.000
Tékkareikningar	67	179
	<u>20.067</u>	<u>20.179</u>

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	237.878	683.407
Afkoma ársins	(2.487.862)	(445.529)
Jöfnuður 31.12.	<u>(2.249.984)</u>	<u>237.878</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
12 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	2.254.309	2.107.081
Ógreidd laun	0	178.874
Önnur ógreidd gjöld	943.550	0
Skattar	0	36.731
	<u>3.197.859</u>	<u>2.322.686</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talda fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	32.169.334	32.311.676
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	987.439	697.872
	<u>33.156.773</u>	<u>33.009.548</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	32.311.676	697.872	33.009.548
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	500.000	500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	210.433	(210.433)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(352.775)	0	(352.775)
	<u>32.169.334</u>	<u>987.439</u>	<u>33.156.773</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,3 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning við Ríkiseignir um húsnæði, árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 6,6 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.